

Reykjavík 13. mars 2019

Erindi sent til:
Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar

Eftir samráðsfund í Vesturbæjarskóla með Samgöngustjóra Reykjavíkurborgar fer Skólaráð Vesturbæjarskóla og Íbúasamtök Vesturbæjar þess á leit við Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar að koma með tillögur varðandi bætt samgöngumál og öryggi fyrir gangandi og hjólandi í kringum skólann.

Við óskum eftir:

1. Tillögu að því hvernig stýra mætti umferð í kringum skólann og haga bílastæðum. Samhliða tillögunni þarf að fylgja framtíðarsýn og hvernig tillögur falla inn í heildarsýn á samgöngumálum fyrir hverfið og uppbyggingu. (sumar 2019)
2. Tillögu að bættri lýsingu í kringum skólann. (sumar 2019)
3. Nýrri kortlagningu á göngu og hjólaleiðum skólakrakka. (vor 2019)
4. Í framhaldi af kortlagningunni þarf að huga að því með hvaða leiðum hægt er að gera hverfið öruggara fyrir börnin og framkvæma það.


Við gerð tillagnanna ber að hafa í huga:

- Fótgangandi og hjólandi skulu vera í forgangi þegar kemur að skipulagi í kringum skólann. En til þess þarf líklega að gera göturnar í kring að vistgötum?
- Núna er ekki skýrt hvar er best fyrir börn að fara yfir Sólvallagötu til þess að komast til og frá skólanum.
- Það þarf rústæði og aðgengi fyrir skólarútu.
- Ská bílastæði eru óheppileg, bakkað út og erfitt að sjá smávaxna vegfarendur.
- Hafa í huga að listaverk eftir Magnús Tómason sem voru sett upp við byggingu skólans og eru hverfinu og skólanum til sóma njóta sín ekki inná milli bíla og með skilti alveg upp við sig.

Einnig vísam við í bréf sem Skólaráð Vesturbæjarskóla sendi Samgöngustjóra Reykjavíkurborgar 15. maí 2017 og 4. maí 2018 vegna þessara mála.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd skólaráðs Vesturbæjarskóla


Margrét Einarsdóttir, skólastjóri

Fyrir hönd íbúasamtaka Vesturbæjar


Ásta Olga Magnúsdóttir